

**185. fundur íþróttá- og tómstundaneftndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 16. maí 2018 og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Kristján Andri Guðjónsson formaður, Sif Huld Albertsdóttir aðalmaður, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir aðalmaður og Ásgerður Þorleifsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Jón Ottó Gunnarsson boðaði forföll en enginn mætti í hans stað. Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri HSV, sat einnig fundinn.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti íþróttá- og tómstundaneftndar - 2014030027**

Lagður fram verkefnalisti íþróttá- og tómstundaneftndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083**

Lögð fram gjaldskrá íþróttamannvirkja fyrir árið 2018.

*Nefndin leggur til að gjaldskrá á skíðasvæðinu verði samræmd á göngu- og alpasvæði. Þá leggur nefndin til að gjaldskrá sundstaða verði skoðuð sérstaklega með það í huga að hækka staka miða og leigu á handklæðum og sundfötum.*

**3. Beiðni um endurnýjun á samningi um kaup Ísafjarðarbæjar á tímum í reiðhöll Knapaskjólís á Söndum í Dýrafirði - 2018050047**

Lagt fram bréf dagsett 8. apríl 2018 þar sem formaður Hestamannfélagsins Storms óskar eftir endurnýjun á samningi um kaup Ísafjarðarbæjar á tímum í reiðhöll Knapaskjólís á Söndum í Dýrafirði. Jafnframt lögð fram drög að samningi milli Ísafjarðarbæjar og Knapaskjólís ehf.

*Nefndin tekur vel í erindið og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Nefndin vill að skólar sveitarfélagsins fái að nýta keypta tíma og að forsvarsmenn Knapaskjólís ehf. hafi frumkvæði að samskiptum við skólana og bjóði tíma.*

**4. Niðurstöður á högum og líðan barna í Ísafjarðarbæ 2018 - 2018050046**

Lagðar fram niðurstöður könnunar Rannsóknar og greiningar á högum og líðan barna í Ísafjarðarbæ 2018.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:53**

---

Kristján Andri Guðjónsson

---

Sif Huld Albertsdóttir

---

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

---

Ásgerður Þorleifsdóttir

---

Margrét Halldórsdóttir